

## 16. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

16. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 2.september 2020 í gegnum fjarskiptakerfið "Zoom". Á fundinn mættu Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir, Jón Bjarnason fjallkóngur og Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti.

Dagskrá fundarins:

### 1. Aflétting fjöldatakmarkana

- a. Vegna þeirrar umræðu sem nú er í samfélaginu um hugsanlegar afléttanir á samkomutakmörkum var ákveðið í samræmi við Björn Inga, fulltrúa Almannaþingis í Árnessýslu að gera plan B.
- b. Sóttvarnalæknir hefur sent heilbrigðisráðherra minnisblað um að aflétta samkomutakmarkanir frá og með 7.september nk. Afléttingarnar fara úr 100 manns í 200 manns og jafnframt fer fjarlægðarreglan úr tveimur metrun í einn meter.
- c. Það er ljóst að réttarhöld þurfa að vera í takt við þær reglur sem gilda í landinu. Þess vegna er búið að deila auka 100 fulltrúum á bæi í samræmi við fjölda fjár á afréttinum frá hverjum bæ. Hér kemur fjöldi fulltrúa á hvern bæ, fyrir utan fjallmennina.
  - i. Bjarg (2 +3)
  - ii. Hrepphólar (6 +13)
  - iii. Haukholt 1 (6+12)
  - iv. Skipholt 1 (2+3)
  - v. Ásatún (2+3)
  - vi. Grafarbakki (5+10)
  - vii. Skipholt 3 (5+10)
  - viii. Auðsholt 1 (5+9)
  - ix. Hrafnkelsstaðir 1 (7+12)
  - x. Auðsholt 4 (7+14)
  - xi. Langholtsskot (2+3)
  - xii. Miðfell 3 (3+4)
  - xiii. Syðra Langholt (2+3)

- d. Fjárbændur þurfa að skila inn nafnalista á þeim fulltrúum sem þeir senda í réttirnar. Björgunarsveitin mun sjá um gæslu við réttirnar og kemst enginn inn á svæðið fyrr en hann hefur merkt við sig hjá þeim.
- e. Tekin var ákvörðun um að breyta ekki fyrirkomulaginu á fimmtudeginum, þegar að féð kemur til byggða. Fjallmenn hafa eingöngu heimild til að fylgja safninu þann daginn.

Fundi slitið klukkan 20:50